

## Brú milli kynslóða – virkni á efri árum.

### Sjónarhóll yngri kynslóða.

Góðan daginn, ég heiti Matthildur María og er að ljúka vélaverkfræði í Háskóla Íslands. Ég er alin upp vestur á fjörðum. Ég hef mikið verið í kringum eldra fólk og á mikið af ömmum og öfum. Núna á ég 4 ömmur, 3 afa og einn langafa. Í gegnum tíðina hef ég búið mikið með foreldrum hjá ömmum og öfum. Amma mín var á þingi og þá bjó ég með mömmu hjá henni, við vorum þrjár kynslóðir sem bjuggum þá saman. Þegar móðuramma mín og afi fluttu í sveit var ég mikið hjá þeim og fékk að taka þátt í öllum verkum á bænum. Ég fékk að gefa heimalningunum og eitt árið fékk ég að eiga lambakónginn. Ég og hann urðum miklir vinir og ég tók hann oft í fangið og settist við jötuna úti og ruggaði honum í svefn. Hann gat alltaf sofnað hjá mér og oft stóð mamma hans og horfði á eða lá og fylgdist með. Hann fór svo á fjall eins og tíðkast yfir sumarið. Um haustið, í réttunum, fann ég hann aftur. Ég kallaði á hann og hann þekkti mig, hann kom hlaupandi til mín og vildi ólmur leggjast í fangið á mér.

Langafi og langamma mín sem eru elsta ömmu og afa parið mitt voru sjómansfólk úr Bolungarvík. Langafi átti bát sem sökk og seinna tókst aðeins að bjarga stýrishúsinu af honum. Stýrishúsið var flutt í Skötufjörð í Ísafjarðardjúpi og þar var það notað sem sumarbústaður. Ég var oft hjá þeim þar og ég man sérstaklega eftir því hvað það var gaman að leggja net með langafa þegar það var fjara og bíða þar til í næstu fjöru til þess að athuga hvort eitthvað hefði komið í netið. Reglulega fengum við silung í netið sem langamma steikti upp úr smjöri og stráði sykri yfir. Þetta var uppáhaldsmaturinn minn í mörg ár og það var svo gaman að fá að gera allt með þeim og læra af þeim. Ekki var neitt salerni í stýrishúsinu en þau höfðu sett upp kamar þarna nálægt. En milli kamarsins og stýrishússins var á. Til þess að komast á kamarinn voru settir stórir

steinar út í ána sem hægt var að stikla yfir á. Það var alltaf hægt að redda öllu og gera gott úr öllu hjá þeim. Það einkennir lífsviðhorf afa og ömmu eins og ég man eftir þeim.

Með því að alast upp með eldra fólki af annarri kynslóð þá lærði ég að bjarga mér og vera skapandi í að finna lausnir þegar leysa þurfti verkefni án þess að vera endilega með bestu verkfærin eða besta efniviðinn til þess. Oft þurfti bara að nota spýtur sem fundust í fjörunni eða annað sem hafði orðið eftir einhvers staðar í stað hefðbundinna hluta eða verkfæra. Þessi reynsla nýtist mér í dag í námi þar sem krafist er lausnaleitar, nýsköpunar og frumkvæði eins og í verkfræði.

Eldra fólk býr yfir svo mikilli reynslu sem er leiðinlegt ef tapast. Þau hafa lifað tímana tvenna og fylgst með því hvernig samfélagið hefur þróast frá því að þau voru lítil. Í nútímaþjóðfélagi er litið svo á að alltaf sé til nóg af öllu og ef eitthvað vantar þá bara er það keypt. Við sjáum þó núna að það er ekki alveg þannig, eftir að kreppan skall á þarf oft að reyna að nota ódýrari valkosti og reyna að endurnýta eitthvað gamalt. Oft þurfum við að sýna smá hyggjuvit og hugmyndaauðgi til þess að reyna að leysa einhver verkefni. Í nútímaþjóðfélagi og tölvuvæðingu er krafist þess af okkur unga fólkinu að við kunnum að leysa verkefni eftir mismunandi leiðum og getum leitað okkur upplýsinga til þess. Í því samhengi getum við nýtt okkur reynslu hinna eldri í skapandi hugsun.

Oft er talað um þá staðalímynd að gamlir séu svo ótæknivæddir og eigi alltaf í basli með fjarstýringar, síma og fleira. Að sumu leyti er það rétt því sumir eru löngu búnir að sjá einfaldari leið til þess að gera hlutina á sinni löngu ævi. Mér finnst það nú ekki alveg passa að eldra fólk sé ekki tæknivætt þar sem langafi minn til dæmis, sem er orðinn 88 ára, á gsm síma, tölvu og var að kaupa sér iPad spjaldtölvu fyrir ekki svo löngu. Hann er núna eins og unglingur á fullu í iPadinum alltaf að fá sér eitthvað nýtt App sem eru forrit í spjaldtölvuna. Hann fékk sér t.d. eitthvað App þannig að hann geti skoðað hvar helstu

fiskveiðibátarnir eru úti á miðunum. Þetta er hans tómstundagaman í dag. Svo á ég aðra ömmu sem er 76 ára og er á kafi í félagsmálum. Hún vinnur allt á tölvur, er á fullu í tölvupósti, leitar að upplýsingum á netinu, er með msn og hún hefur ekki tíma fyrir facebook því það er allt of mikið að gera hjá henni. Allt eldra fólk sem ég þekki er mjög virkt í samfélaginu. Allir að vinna eða gera eitthvað, jafnvel þó þau ættu að vera hætt sökum aldurs. En meðan heilsan leyfir þá er ég nokkuð viss um að þau halda áfram.

Á Íslandi er fólk farið að lifa miklu lengur og almennt er heilsan betri. Mér finnst þess vegna alveg óþarfi að fólk sem er við góða heilsu hætti að vinna bara af því að það er orðið 67 ára. Mín reynsla er að þetta fólk vinnur sem aldrei fyrr en fær bara ekki greitt fyrir það eftir 67 ára aldur. Nú er það í sjálfböðavinnu, félagsstörfum og að sinna áhugamálum. Oft borgar það sig ekki fyrir þetta fólk að halda áfram að vinna vegna allskonar skerðinga á lífeyri, sem koma þá á móti og þá verður engin hvatning til þess að halda áfram. Það er þó staðreynd að eftir því sem fólk er eldra hefur það meiri reynslu og ég tala nú ekki um reynslu í starfi. Eldra fólk er upp til hópa með svo góðan skilning á hlutum og eiga auðvelt með að koma því frá sér. Þennan kost eldri borgara væri hægt að nýta til að brúa kynslóðabilið. Þeir gætu miðlað þekkingu sinni til okkar. Sterku hliðar eldri borgara er þeirra reynsla og þekking á því sem var og þau hafa kynnst á ævinni. Ég hef heyrt um námskeið þar sem yngra fólk kennir eldra fólk á tölvur og aðrar tækninýjungar, að sama skapi gætu þeir eldri kennt okkur vinnuaðferðir sem eru að tynast í þjóðfélaginu. Til dæmis við handverk, margt sem varðar landið og nýtingu þess og mannleg samskipti. Það væri hægt að fá eldri borgara til þess að kenna nemendum í grunn- og framhaldsskólum ákveðnar aðferðir, til dæmis á listnámsbrautum í framhaldsskólum. Einnig er þekking og reynsla eldri borgara oft fjársjóður sem hægt er að nýta í námi barna um nærumhverfið, samfélagið og í lífsleikni. Þessi dulda þekking sem eldri borgarar eru ekkert endilega að miðla af eigin frumkvæði en er mikilvægt að viðhalda og þarf að

nálgast með markvissum hætti til dæmis með rannsóknarvinnu á sviði félagsvísinda. Þróunin fer alltaf í hringi og þetta er alveg örugglega þekking sem við ættum að geta nýtt okkur.

Hver man ekki eftir ættarmótum eða fjölskyldusamkomum þar sem að margar kynslóðir koma saman. Á slíkum stundum er líf og fjör og allir skemmta sér saman. Þá er farið í kappleiki, þrautaleiki og allir skemmta öllum. Það væri hægt að nota þessa hugmynd í skipulagðar samkomur óháð fjölskyldum þar sem að væru settir niður ákveðnir leikir eða keppnir þar sem mismunandi kynslóðir keppa saman og nýtir þá hver og einn sinn styrkleika. Þá gæti unga kynslóðin tekið að sér verkefni sem snúast um hlaup, snerpu og úthald en þeir eldri eitthvað sem snýst um lagni, nákvæmni og tungumálið eins og vísnagerð.

Það þyrfti að brúa kynslóðabilið með því að bera virðingu fyrir öllum kynslóðum, þeir ungu þurfa að bera virðingu fyrir þeim eldri og þeir eldri þurfa að bera virðingu fyrir þeim ungu. Oft eru staðalímyndir að þvælast fyrir raunverulegum samskiptum. Þannig lítur ungt fólk oft á eldra fólk sem manneskjur sem hafa lokið sínu verki. Og aftur á móti lítur eldra fólk oft á unga fólk sem spillta kynslóð sem kunni ekki að vinna og ekki að meta menninguna af því að menning þeirra ungu er önnur og framandi þeim eldri.

Mér finnst nauðsynlegt að ungt fólk fái að kynnast því sem er eldra. Það er svo margt hægt að læra af þeim og ég gæti ekki ímyndað mér hvernig það væri að alast ekki upp með eldra fólk í kringum sig sem hægt er að líta upp til, vera stoltur af og þykja vænt um.